

Nd.

36. Frumvarp

til laga um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Íslandi skal skipt í 48 læknishéruð, þau er hér segir:

1. *Reykjavíkurhérað*: Reykjavíkurborg og Seltjarnarneshreppur inn að Elliðaá og Fossvogi, að meðtaldri Engey og Viðey. Læknissetur í Reykjavík.

2. *Hafnarfjarðarhérað*: Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár og Fossvog, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.

Samja skal við einn lækni í Reykjavík um, að hann gegni sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og í Reykjavíkurhéraði utan kaupstaðarins, enda fari hann eftir taxa héraðslækna. Til þessa má verja fé eftir því sem áætlað er í fjárlögum.

3. *Skipaskagahérað*: Ytri-Akraneshreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur og Strandahreppur. Læknissetur á Akranesi.

4. *Borgarfjarðarhérað*: Skorradalshreppur, Andakilshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhliðahreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Læknissetur á Kleppjárnsreykjum.

5. *Borgarneshérað*: Borgahreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi.

6. *Ólafsvíkurhérað*: Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur utan Ennis og Neshreppur innan Ennis. Læknissetur í Ólafsvík.

7. *Stykkishólms hérað*: Eyrarsveit, Stykkishólms hreppur, Helgafells hreppur, Skógarstrandarhreppur og Miklaholtshreppur. Læknissetur í Stykkishólmi.

8. *Dalahérað*: Dalasýsla, nema Rauðseyjar og Rúfeyjar. Læknissetur í Búðardal.

9. *Reykholahérað*: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudals hreppur. Læknissetur á Reykhólum.

10. *Flateyjarhérað*: Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði. Læknissetur í Flatey.

11. *Patreksfjarðarhérað*: Rauðasandshreppur, Tálknafjarðarhreppur og Barðastrandarhreppur vestan Vatnsdalsár. Læknissetur á Patreksfirði.

12. *Bildudalshérað*: Suðurfjarðahreppur og Dalahreppur. Læknissetur á Bildudal.

13. *Þingeyrarhérað*: Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur, að undanteknum Ingjaldssandi. Læknissetur á Þingeyri.

14. *Flateyrarhérað*: Ingjaldssandur í Mýrahreppi, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri.

15. *Hólshérað*: Hólshreppur. Læknissetur í Bolungavík.

16. *Ísafjarðarhérað*: Eyrarhreppur og Ísafjarðarkaupstaður. Læknissetur á Ísafirði.

17. *Ögurhérað*: Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur. Læknissetur í Ögri.

Íbúar í Álfafirði í Súðavíkurreppi eiga þó jöfnum höndum tilkall til héraðslæknisins í Ísafjarðarhéraði.

18. *Hesteyrarhérað*: Grunnavíkurhreppur og Sléttahreppur. Læknissetur á Hesteyri.

19. *Reykjarfjarðarhérað*: Árneshreppur og nyrzti hluti Kaldrananeshrepps að Kallbakskleif. Læknissetur í Árnesi.

20. *Hólmavíkurhérað*: Kaldrananeshreppur frá Kallbakskleif, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur í Hólmavík.

21. *Miðfjarðarhérað*: Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og Bæjarhreppur í Strandasýslu. Læknissetur á Hvammstanga.

22. *Blönduóshérað*: Húnavatnssýsla austan Gljúfurár. Læknissetur á Blönduósi.

23. *Sauðárkrókhérað*: Skefilsstaðahreppur, Sauðárhreppur, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki.

24. *Hofsóshérað*: Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fells hreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi.

25. *Siglufjarðarhérað*: Hvanneyrarhreppur. Læknissetur á Siglufirði.

26. *Svarfdælahérað*: Þóroddsstaðahreppur, Svarfaðardalshreppur og Arnarneshreppur inn að Hillum. Læknissetur í Dalvík.

27. *Akureyrarhérað*: Arnarneshreppur innan við Hillur, Skriðuhreppur,

Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Illugastaðasókn í Hálshreppi. Læknissetur á Akureyri.

28. *Höfðahverfishérað*: Grýtubakkahreppur, Flateyjarhreppur, Draflastaða- og Hálssóknir í Fnjóskadal. Læknissetur í Grenivík.

29. *Reykðælahérað*: Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykðælahreppur og Skútustaðahreppur. Læknissetur á Breiðamýri.

30. *Húsavíkurhérað*: Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldælahreppur, Húsavíkurhreppur og Grimsey. Læknissetur á Húsavík.

31. *Öxarfjarðarhérað*: Kelduneshreppur, Öxarfjarðahreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Læknissetur á Kópaskeri.

32. *Þistilfjarðarhérað*: Svalbarðshreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn.

33. *Vopnafjarðarhérað*: Vopnafjarðahreppur. Læknissetur á Vopnafirði.

34. *Hróarstunguhérað*: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðahreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðahreppur, Eiðahreppur og Borgarfjarðahreppur. Læknissetur í Kirkjubæ.

35. *Fljótsdalshérað*: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár fyrir ofan Gilsá, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur og Vallahreppur. Læknissetur á Brekku.

36. *Seyðisfjarðarhérað*: Loðmundarfjarðahreppur, Seyðisfjarðahreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði.

37. *Norðfjarðarhérað*: Mjóafjarðahreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðahreppur. Læknissetur í Neskaupstað.

38. *Reyðarfjarðarhérað*: Reyðarfjarðahreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar. Læknissetur á Eskifirði.

39. *Fáskrúðsfjarðarhérað*: Fáskrúðsfjarðahreppur, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, og Stöðvarhreppur. Læknissetur á Fáskrúðsfirði.

40. *Berufjarðarhérað*: Breiðdalshreppur, Beruneshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpavogi.

41. *Hornafjarðarhérað*: Austur-Skaftafellssýsla. Læknissetur í Höfn.

42. *Síðuhérað*: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Álftavershreppur og Skaftártunguhreppur. Læknissetur á Breiðabólstað á Síðu.

43. *Mýrdalshérað*: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppur. Læknissetur í Vík.

44. *Vestmannaeyjahérað*: Vestmannaeyjar. Læknissetur í Vestmannaeyjum.

45. *Rangárhérað*: Rangárvallasýsla, að undanskildum Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppum. Læknissetur á Stórólshvoli.

46. *Eyrarbyggðarhérað*: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbyggðahreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Eyrarbakka.

47. *Grímsneshérað*: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Þingvallahreppur. Læknissetur í Laugarási.

48. *Keflavíkurhérað*: Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalaneshreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík.

Heilbrigðisstjórnin getur, ef nauðsyn krefur og eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda, leyft héraðslæknum að sitja um stundarsakir annarsstaðar en á hinum lögskipuðu læknissetrum.

2. gr.

Konungur skipar landlækni og héraðslækna í öll þau héruð, sem talin eru í 1. gr.

3. gr.

Landlæknir er ráðunautur heilbrigðisstjórnarinnar í öllu, sem viðkemur heilbrigðismálum. Hann hefir eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum í landinu, en einkum héraðslæknum og öðrum opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Heilbrigðisstjórnin setur landlækni erindisbréf, og fellur þá jafnframt úr gildi erindisbréf landlæknis á Íslandi, sett samkvæmt konunglegri tilskipun 25. febrúar 1824.

4. gr.

Héraðslæknar hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar og undir eftirliti landlæknis.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar í héraði sínu, annast lyfjasölu, þar sem ekki er sérstök lyfjabúð, og eru skyldir að gegna aðkallandi sjúkravitjunum hvenær sem þess er leitað, nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisverkum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir.

Nú er héraðslækni vitjað úr öðru læknishéraði til konu í barnsnauð eða í annari mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök, að hægra er að ná til hans en viðkomandi lækni, og hefir hann þá sömu skyldur til að vitja sjúklingsins eins og héraðsbúi hans ætti í hlut.

Héraðslæknar mega ekki, nema með sérstöku leyfi heilbrigðisstjórnarinnar, takast á hendur önnur föst, launuð störf en þau, sem við koma lækni- starfi þeirra. Þeir mega veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns, en viðtækari sjúkrahússtörfum mega þeir ekki gegna nema með sérstöku leyfi heilbrigðisstjórnarinnar.

Landlæknir setur héraðslæknum erindisbréf, sem heilbrigðisstjórnin staðfestir, og fellur þá jafnframt úr gildi erindisbréf héraðslækna á Íslandi, sett samkvæmt konunglegri tilskipun 25. febrúar 1824.

5. gr.

Héraðslæknirinn í Reykjavíkurhéraði sinnir ekki sjúkravitjunum nema eftir fyrirælum heilbrigðisstjórnarinnar, en gegnir að öðru leyti héraðslæknisstörfum í bænum.

Hann veitir forstöðu, án sérstaks endurgjalds, skrifstofu í Reykjavík, sem annast heilbrigðismál kaupstaðarins, er bærinn hefir sett hana á stofn, enda verði hún rekin samkvæmt reglum, er heilbrigðisstjórnin staðfestir.

Hann aðstoðar heilbrigðisstjórnina við millilandasóttvarnir og veitir forstöðu sóttvarnarhúsi ríkisins án sérstaks endurgjalds.

Honum er og heimilt að vera yfirlæknir við farsóttarhús Reykjavíkur eða tilsvarendi stofnun, sem bærinn kann að reka, en óheimilt að gegna viðtækari sjúkrahússtörfum.

6. gr.

Landlæknir og héraðslæknar hafa laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Héraðslæknirinn í Reykjavík skal þó hafa hálf önnur héraðslæknislaun, auk 600 kr. skrifstofufjár, gegn að minnsta kosti jafnhárri upphæð úr bæjarsjóði Reykjavíkur.

7. gr.

Verði héraðslæknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, ber að sjá honum fyrir flutningi ókeypis, og svo beina leið sem hægt er frá og til heimilis hans. Um borgun fyrir störf héraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá, er landlæknir semur og ráðherra staðfestir.

8. gr.

Læknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra eða embættum eftir lögum þessum.

9. gr.

Lög nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða, lög nr. 58, 59 og 60, 30. júlí 1909, lög nr. 40, 11. júlí 1911, lög nr. 77, 28. nóv. 1919, og lög nr. 45, 27. júní 1921, öll um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða, og síðasta málsgrein 12. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, eru úr gildi numin.

10. gr.

Ákvæði laga þessara um Reykjavíkurhérað ganga í gildi þegar það hérað verður næst laust. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 52, 22. júní 1921, um læknaskipun í Reykjavík, en bæjarlæknirinn verður héraðslæknir.

Greinargerð.

Með lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, var svo fyrir mælt, að um borgun fyrir störf héraðslækna og ferðir þeirra færi eftir gjaldskrá þeirri, er nú gildir. Sú gjaldskrá er frá 14. febr. 1908. Jafnframt voru úr gildi felldar 4. og 5. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða. Þess var þá ekki gætt, að í 5. grein, sem úr gildi var felld, og hvergi annarsstaðar voru ákvæði um greiðslur fyrir ferðir lækna, því að í gjaldskránni er ekki á þær minnst, að undanskildum ferðum út í skip á höfn.

Síðan 1919 hefir því engin gjaldskrá verið til um ferðir héraðslækna. Að öðru leyti er gjaldskráin frá 1908 að verða dauður bókstafur og af langflestum héraðslæknum að engu höfð. 1. grein mælir svo fyrir, að gjaldskráin komi þá aðeins til, „ef ágreiningur verður milli héraðslæknis og sjúklings út af gjaldi fyrir læknisverk“. Mun þetta ákvæði að visu ekki hafa átt stoð í lögum meðan gjaldskráin gildi samkvæmt lögum frá 1907, en eftir að hún var lögfest í heilu lagi með launalögunum 1919, mun ekki verða komizt hjá að líta svo á, að það sé í fullu gildi. En gjaldskrá, sem þá aðeins gildir, er sjúklingur telur sig til neyddan að leggja út í deilu við lækni sinn um borgun fyrir unnin læknisverk, gætir illa réttar sjúklinganna. Jafnframt því sem þetta ákvæði gerir gjaldskrána lítils virði, er hún svo úrelt orðin, að lækna bera einnig það fyrir sig, að þeir hafa hana að engu. Hún er samin á þeim tíma, er störf lækna voru öll önnur en þau eru nú. Vantar því í hana ákvæði um fjölda læknisverka, sem nú eru almennt unnin, en þá voru óþekkt. Samræmi gjaldskrárinnar innbyrðis er einnig mjög ófullkomið. Yfirleitt eru hin smærri og tíðustu læknisverk tiltölulega hátt metin, miðað við það, sem lækna hér á landi tíðka að verðleggja verk sín, en hinar meiri háttar aðgerðir, sem lítt eða ekki voru unnar hér á landi, er gjaldskráin var samin, hlutfallslega of lágt. Ber nauðsyn til að endurskoða gjaldskrána, samræma hana, gera hana fyllri og yfirleitt þannig ú garði, að hún beri það með sér, að til þess sé ætlazt, að farið sé bókstaflega eftir henni, og ganga síðan eftir því. Þá fyrst er hægt að búast við, að hún komi að tilætluðu gagni og tryggi það, sem henni ber að tryggja.

Endurskoðun á gjaldskrá héraðslækna verður ekki komið við nema gerðar séu breytingar á gildandi lagaákvæðum, og þykir rétt að setja aftur inn í lögin um skipun læknishéraða frá 1907 fyrirmælin um samningu gjaldskrár, með því líka að nauðsyn ber til að fá í lög nokkrar aðrar breytingar, aðallega um læknaskipunina í Reykjavík, sem vel fer á, að komið sé fyrir í hinum sömu lögum. En úr því að lögunum er breytt á annað borð, þykir sjálfsagt að fella inn í þau þær breytingar, sem gerðar hafa verið á læknaskipuninni síðan þau voru sett, sbr. lög nr. 58, 59 og 60, 30. júlí 1909, lög nr. 40, 11. júlí 1911, lög nr. 77, 28. nóv. 1919, lög nr. 45, 27. júní 1921, og stjórnarráðsauglýsingar 4. sept. 1908 og 2. des. 1929.

Þessar breytingar eru talsvert margar og flóknar, og þykir þá skilmerkilegra að fella allar breytingarnar inn í lögin fyrirfram og flytja síðan í heilu lagi frumvarp um ný lög um skipun læknishéraða, þó að hér sé um litlar sem engar nýbreytingar að ræða á sjálfri héraðaskipuninni.

Verður gerð grein fyrir fyrirhuguðum breytingum öðrum en þeim, sem við koma gjaldskránni, í athugasemdum við hinar einstöku greinar.

Við 1. gr.

Á sjálfri héraðaskipuninni er ekki farið fram á aðra breytingu en þá, að Súðavíkurhreppur í Ísafjarðarhéraði verði tekinn undan því héraði og færður til Nauteyrrárhéraðs, jafnframt því að læknissetrið verði flutt af Langadalsströnd að Ögri, enda heiti héraðið síðan Ögurhérað.

Læknisbústaðarmálið í þessu héraði er deilumál innanhéraðs. Hefir hver hreppurinn fyrir sig krafizt læknisins til sín, og eru engin líkindi til samkomulags, en mikil nauðsyn á, að endir sé bundinn á málið, ef héraðið á ekki sífell t að eiga á hættu að verða læknislaust. Héraðið er lítið og lítið eftirsótt, svo að ef læknir á að fást til að vera þar, er því ekki á bætandi, að honum sé hvergi búinn samastaður. Minnstur ágreiningur er um Ögur. Tveir hrepparnir af fjórum, en í þeim er meira en helmingur héraðsbúa, eru einróma ásáttir um, að læknirinn sitji í Ögri, og gera kröfur um það. Reykjarfjarðarhreppsþúar vilja hafa hann í Vatnsfirði, en nokkur hluti þeirra sættir sig þar næst við Ögur. Nauteyrrárhreppsþúar telja sig hafa mestan rétt til læknisins, með því að núgildandi lög ákveða honum aðsetur innan þess hrepps, þó að þeir hingað til hafi orðið að sætta sig við, að hann sæti tímum saman annarsstaðar. Innhluti hreppsins mundi sætta sig við Vatnsfjörð, en vafasamt um ytri hlutann, að hann ekki fellt sig fullt eins vel við Ögur. Ungur læknir, sem nú er settur héraðslæknir í þessu héraði og héraðsbúar fella sig vel við, tjáir sig fúsan til að sækja um héraðið, en aðeins að því tilskildu, að hann fái að sitja í Ögri.

Þykir því eftir atvikum rétt að taka tillit til einróma óska meiri hluta héraðsbúa og ákveða lækninum aðsetursstað í Ögri, með því líka að telja má, að á þeim eina stað í héraðinu sé hann svo settur, að ekki sé frágangssök fyrir neinn hluta héraðsins að ná til hans. Og er það sameiginlegt álit fyrrverandi og núverandi landlæknis. Til þess að efla þetta fámenna hérað þykir einnig rétt að stækka það um einn hrepp, Súðavíkurhrepp, sem Ísafjarðarhérað má vel án vera. En með því að íbúar Álftafjarðar í Súðavíkurhreppi eiga, aðallega vegna stöðugra viðskipta og samgangna við Ísafjörð, hægara með að ná til læknis á Ísafirði, og munu þess vegna ekki æskja þessarar breytingar, þykir rétt að áskilja þeim eftir sem áður jafnt tilkall til læknisþjónustu frá Ísafirði.

Í stað þess að áskilja Kjósar- og Kjalarneshreppsþúum læknisþjónustu af hendi héraðslæknisins í Reykjavík, er hér gert ráð fyrir því, að samið verði við lækni í Reykjavík um, að hann gegni læknisvitjunum til þessara hreppa og Mosfellssveitar á sama hátt og tíðkað hefir verið undanfarið samkvæmt heimild í fjárlögum. Vegna ákvæðis 1. málgr. 5. gr. er sá hluti Reykjavíkurhéraðs, sem er utan kaupstaðarins, tekinn hér með.

Gert er ráð fyrir, að læknissetur verði nú lögákveðin í hverju héraði á þeim stöðum, sem þau hafa verið ákveðin eða fengið hefð á sig, enda hefir nú víða verið komið upp læknisbústöðum og sjúkraskýlum.

Ekki þykir lengur ástæða til að heimila heilbrigðisstjórninni að breyta takmörkum læknishéraða eftir tillögum sýslunefnda. Sú heimild hefir lítið

verið notuð. Héruðin eru og yfirleitt komin í fastar skorður og getur ekki legið svo á breytingum í þessu efni, að ekki megi biða aðgerða Alþingis.

Hinsvegar getur verið ástæða til að heimila heilbrigðisstjórninni að leyfa læknum í sumum héruðum að breyta til um aðsetursstað um stundarsakir, er sérstaklega stendur á, og virðast hreppsnefndir innan héraðsins réttir aðilar til að gera tillögur þar um.

Við 2. gr.

Úr 2. gr. laganna frá 1907 er fellt niður ákvæðið um aðstoðarlæknana, sem nú eru fyrir löngu orðnir óþarfir, er nægur kostur er praktiserandi lækna í öllum kaupstöðum.

Sóttvarnarhúsin í kaupstöðunum utan Reykjavíkur eru afnumin fyrir nokkru síðan, en ákvæði um sóttvarnarhúsið í Reykjavík eru í 5. gr.

Við 3. og 4. gr.

Erindisbréf landlæknis og héraðslækna eru orðin yfir 100 ára gömul og er því fyrir löngu kominn tími til að endurnýja þau.

Við 5. gr.

Fyrirkomulagið á læknaskipuninni í Reykjavík, þar sem verið hafa tveir embættislæknar, héraðslæknir og bæjarlæknir (sbr. lög nr. 52, 27. júní 1921) þykir ekki hafa gefizt vel. Og nú er héraðslæknirinn er að láta af embætti sínu, er það sameiginlegt álit þeirra manna, sem þessum málum eru kunnugastir, að hverfa eigi aftur að því að fela þessi embættisstörf einum manni. En rétt þykir þá jafnframt að búa svo um, að hann geti sem bezt gefið sig að því, sem hlýtur að verða aðalstarf hans í jafnfjölmennu héraði, og það er eftirlitsstarf og umsjón með öllum heilbrigðismálefnum kaupstaðarins. Er því ætlazt til, að hann verði leystur frá því að stunda almenn læknisstörf, og er honum bannað að gegna sjúkravitjunum. Er fyrir löngu orðin mikil nauðsyn á því fyrir bæinn að halda opinni skrifstofu, sem sinnir öllum heilbrigðismálum hans, og er héraðslæknirinn sjálfsagður forstöðumaður hennar. Einnig er gert ráð fyrir því, að hann aðstoði heilbrigðisstjórnina við millilandasóttvarnir og sé forstöðumaður sóttvarnarhússins. Þá þykir hann einnig mega vera forstöðumaður farsóttarhúss í Reykjavík, og er sjálfsagðastur til þess, ef til vill að háskólakennaranum í lyflæknisfræði frágengnum.

Við 6. gr.

Rétt þykir, að héraðslæknirinn í Reykjavík hafi hærri laun en aðrir héraðslæknar, með því að hin eiginlegu embættisstörf hans hljóta að verða miklu meiri en allra annara héraðslækna, enda takmarkað leyfi hans til að fást við almenn læknisstörf. Einnig þykir rétt að ýta undir Reykjavík með að koma upp skrifstofu fyrir hann, með því að láta rikissjóð leggja fram nokkurt skrifstofufé.

Við 7. gr.

Áður skýrt.

Við 8. gr.

Þarf ekki skýringa við, og er tilsvarendi grein í lögnum frá 1907.

Við 9. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Við 10. gr.

Gert er ráð fyrir því, að bæjarlæknirinn verði héraðslæknir jafnskjótt og héraðslæknisembættið losnar, og er það beinasta leiðin til þess, að hið nýja skipulag gangi tafarlaust í gildi. Núverandi bæjarlæknir og fráfarandi héraðslæknir í Reykjavík eru báðir samþykkir því, að embættið verði nú aftur falið einum manni og að hann verði leystur frá gegningarskyldu. Bæjarlæknirinn samþykkir þau ákvæði þessa frv., sem snerta hann persónulega.